

The logo consists of a stylized, bold, black geometric shape that resembles a combination of a left-pointing arrow and a right-pointing arrow, with a vertical line through the center.

# Styrkás

Sjálfbærnistefna samstæðu

Dags. 02.07.2024

## 1. Um sjálfbærnistefnu Styrkáss

Stefna þessi lýsir megináherslum Styrkás hf. og dótturfélaga um sjálfbærni. Markmiðið með stefnunni er að stýra sjálfbærni á skilvirkan hátt og tryggja faglega upplýsingagjöf og gagnsæi um áherslur félagsins, allt frá stjórn til starfsfólks og ytri haghafa. Stefnan endurspeglar jafnframt vilja félagsins til að hafa jákvæð áhrif á þróun samfélagsins og þess umhverfis sem félagið starfar í. Stefnan byggir á fyrirliggjandi mikilvægisgreiningum þeirra félaga sem tilheyra samstæðunni og er hún sett með vísan í leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, þá sérstaklega ákvæði 2.9 og 6.2.1. og sjálfbærnilöggjöf Evrópusambandsins (CSDR).

## 2. Gildissvið

Stefna þessi gildir á samstæðugrunni og tekur til allrar starfsemi félaga í eigu Styrkás (þ.e. þau félög sem Styrkás eða dótturfélög fara með yfirráð yfir meira en 50% eignarhlut). Allt starfsfólk skal hlíta þessari stefnu. Það er á ábyrgð stjórnar og stjórnenda Styrkáss að hafa forgöngu um innleiðingu og eftirfylgni með stefnunni og vera öðrum fyrirmyndir í þeim efnum.

## 3. Skilgreining á sjálfbærni

Hjá Styrkás felst sjálfbærni í þeirri ábyrgð sem félagið ber á áhrifum starfsemi sinna á umhverfið og samfélagið. Sjálfbærni er mikilvæg í allri starfsemi Styrkáss og við gerum kröfur til okkar sjálfra og birgja okkar þegar kemur henni. Við höfum sett skýrar stefnur og markmið þar að lútandi. Við virðum mannréttindi í hvívetna og stefnum að því að hafa jákvæð áhrif og góð samskipti við þau samfélög sem starfsemi félagsins nær til. Við förum ávallt eftir gildandi lögum hverju sinni varðandi umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti og heitum að hafa sem minnst neikvæð áhrif á umhverfi okkar. Við leggjum áherslu á að sjálfbærni þeirra auðlinda sem félagið byggir starfsemi sína á sé tryggð til langs tíma.

## 4. Stjórnkerfi sjálfbærnimála

### Stjórnarhættir

Styrkás fylgir þeim lögum og reglum sem í gildi eru varðandi sjálfbærni á hverjum tíma fyrir starfsemi samstæðunnar. Stefnur og aðrir stjórnarhættir Styrkáss gilda á samstæðugrunni. Í dag eru þrjú félög innan samstæðu Styrkáss. Öll þjónusta þau íslenskt atvinnulíf en hafa hvert og eitt sérhæfingu hvað varðar vöru- og þjónustu framboð. Félagin eru Skeljungur ehf, Klettur sala og þjónusta ehf og Klettaskjól ehf. Styrkás gegnir hlutverki móðurfélags þeirra og veitir miðlæga stoðþjónustu á sviði stjórnarháttá, fjármála, mannauðsmála og sjálfbærnimála.

### Mikilvægir þættir í sjálfbærni

Sjálfbærnistefna samstæðu Styrkáss skal byggð á niðurstöðu tvöfaldrá greininga á mikilvægum sjálfbærniþáttum í starfseminni, til samræmis við CSRD löggjöf og ESRS staðla Evrópusambandsins. Mikilvægisgreining dregur fram þá þætti sjálfbærni sem hafa bein eða óbein áhrif á getu samstæðunnar til þess að skapa og varðveita efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg verðmæti eða skerða. Tvöföld mikilvægisgreining hefur tvær víddir, annars vegar áhrifamikilvægi sem snýr að umhverfi og samfélagi og hins vegar fjárhagslegt mikilvægi sem hefur áhrif á fjárhagslegan árangur. Markmið tvöfaldrar mikilvægisgreininga er að draga fram þá sjálfbærniþættir sem hafa mesta vægið í báðum víddum og hafa þannig tvöfalt mikilvægi og eru þar með metnir sem einna mikilvægastir í þeim áherslum sem settar eru í sjálfbærnistarfi samstæðunnar.

Dótturfélag Styrkáss, Skeljungur, framkvæmdi tvöfalda mikilvægisgreiningu árið 2023, fyrst félaga innan samstæðunnar og byggir sjálfbærnistefna þessi meðal annars á niðurstöðum hennar. Önnur félög innan

samstæðu Styrkáss munu einnig framkvæma mikilvægisgreiningar og verður stefnan uppfærð byggt á niðurstöðum þeirra. Þá verður skoðað hvort skörun eða breyting er á mikilvægum sjálfbærniþáttum og áherslur stefnunnar aðlagðar að þeim niðurstöðunum.

Eftirfarandi eru þeir sjálfbærniþættir sem hafa tvöfalt mikilvægi samkvæmt niðurstöðu mikilvægisgreiningar Skeljungs og tenging þeirra við ESRS staðla Evrópusambandsins.

Sjálfbærniþáttur með tvöfalt mikilvægi	Tenging við ESRS staðla
1. Góðir stjórnarhættir	G1 - Viðskiptahættir
2. Heilsa og öryggi starfsmanna	S1 – Mannauður S2 – Starfsfólk í virðisikeðjunni
3. Umhverfisstjórnun og stefna	E2 – Mengun S3 – Áhrif á samfélög
4. Minnka losun gróðurhúsalofttegunda	E1 - Lofslagsbreytingar

Að auki fylgir Styrkás UFS leiðbeiningum Nasdaq. Leiðbeiningarnar ná til umhverfis, félagslegra þátta og stjórnarháttar og eru þeir viðmið sem fjárfestar nota til að meta fjárfestingar út frá aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga.

UFS stendur fyrir:

- Umhverfisleg viðmið snúa að því hvernig Styrkás gætir að umhverfislegum áhrifum starfsemi sinnar.
- Félagleg viðmið snúa að því hvernig Styrkás kemur fram við starfsfólk sitt, birgja, viðskiptavini og samfélagið sem það starfar í.
- Stjórnarhættir snúa að stjórnun Styrkás, innra eftirliti, áhættustýringu og réttindum hluthafa.

Þá fylgir Styrkás einnig heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og hefur félagið valið að leggja áherslu á eftirfarandi markmið:

- Nr. 07 – Sjálfbær Orka
- Nr. 13 – Aðgerðir í loftslagsmálum
- Nr. 14 – Líf í vatni
- Nr. 15 – Líf á land
- Nr. 09 - Jafnrétti kynja
- Nr. 05 – Nýsköpun

### Áherslur, markmiðasetning og aðgerðabinding

Styrkás setur fram áherslupáttir í hverjum flokki UFS fyrir árin 2024-26 í stefnu þessari og eru þau til grundvallar nánari aðgerðabindingar félaga innan samstæðunnar. Þá er tekin fram tenging hvers áherslupáttis og markmiðs við niðurstöðu tvöfaldrar mikilvægisgreiningar, heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og undirstefnur félagsins.

Þetta kerfi gerir stjórnendum kleift að byggja upp stefnur, setja markmið og mælikvarða sem falla að þessum skilgreiningum og fá þannig yfirsýn yfir stöðu samstæðu Styrkás. Forstjóri Styrkás er ábyrgðaraðili stefnu samstæðunnar í sjálfbærni. Framkvæmdastjóri Innri þjónustu Styrkás ber ábyrgð á eftirfylgni hennar í samstarfi við stjórnendur innan samstæðu.

Skipa skal sjálfbærniteymi innan hvers dótturfélags sem hefur það hlutverk að koma með tillögur að mælanlegum markmiðum og aðgerðum sem styðja við áherslupáttir í stefnu þessari um sjálfbærni. Hvert teymi skal leggja til aðgerðaráætlun byggða á stefnunni þar sem markmið og aðgerðabinding er skilgreind í þeim málaflokkum sem stefnan nær til. Sjálfbærniteymin bera ábyrgð á að innleiða samþykktu aðgerðaráætlun og miðla niðurstöðum mælinga. Styrkás birtir árlega sjálfbærnisýrslu og uppgjör sem hluta af ársskýrslu sinni.

Eftirfarandi eru sjálfbærniáherslur Styrkás á tímabilinu 2024-2026:

## Umhverfi

Styrkás stefnir að bættum árangri á sviði umhverfisverndar og leggur **áherslu á að draga úr þeim umhverfisáhrifum** sem rekstur félaga innan samstæðunnar kann að hafa í för með sér og hefur sett markmið um **öryggismál** sem hluta af **mannauðsstefnu** með það að leiðarljósi að vinna að forvörnum, stöðugum umbótum og tryggja fylgni við lagalegar kröfur og reglugerðir.

Áhersla er á eftirfarandi þætti fyrir markmiðasetningu og aðgerðabindingu félagsins í málaflokknum á tímabilinu:

Áhersla	Tenging við ESRS staðla	Tenging við heimsmarkmið
1.1 Unnið sé markvisst í því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (CO2) í umfangi 1 og 2 í virðisikeðju félaga í samstæðunni.	E1 - Loftslagsbreytingar	Nr. 13. Aðgerðir í loftslagsmálum. Nr. 14 Líf í vatni Nr. 15 Líf á land
1.2 Stuðla skal að samdrætti í óbeinni losun gróðurhúsalofttegunda, í umfangi 3, í virðisikeðju félaga í samstæðunni með því að auka framboð á umhverfisvænni vörum og með því að aðstoða viðskiptavini samstæðunnar við að meta kolefnisspor seldra vara.  Þannig stuðlar Styrkás að bættri getu viðskiptavina sinna til að mæla, draga úr og/eða kolefnisjafna losun sína.	E1 – Loftslagsbreytingar E2 - Mengun S3 - Áhrif á samfélög	Nr. 13. Aðgerðir í loftslagsmálum. Nr. 14 Líf í vatni Nr. 15 Líf á land Nr. 07 Sjálfbær Orka Nr. 05 - Nýsköpun
1.3 Þá losun kolefnis sem ekki er unnt að forðast í eigin starfsemi (umfang 1 og 2) leitast Styrkás við að jafna með fjárfestingu í viðeigandi móttvægisáðgerðum.	E1 - Loftslagsbreytingar	Nr. 13. Aðgerðir í loftslagsmálum. Nr. 14 Líf í vatni Nr. 15 Líf á landi
1.4 Fylgja skal með markvissum hætti skilgreindri öryggisstefnu og gæðastefnu með það að leiðarljósi að vinna að forvörnum, stöðugum umbótum og tryggja fylgni við lagalegar kröfur og reglugerðir.	E2 - Mengun S3 - Áhrif á samfélög	Nr. 14 Líf í vatni Nr. 15 Líf á land
1.5 Auka skal fræðslu fyrir starfsfólk um mikilvægi öryggis- og umhverfismála.	E2 – Mengun S3 - Áhrif á samfélög S1 - Mannauður	Nr. 13. Aðgerðir í loftslagsmálum. Nr. 14 Líf í vatni Nr. 15 Líf á land

## Félagslegir þættir

Styrkás einsetur sér að tryggja öruggt og heilbrigt starfsumhverfi, ásamt því að stuðla að aukinni velliðan starfsfólks þar sem jafnrétti er í hávegum haft og mannréttindi eru virt í hvívetna. Áherslur félagsins í jafnréttis- og mannréttindamálum eru settar fram í mannauðsstefnu samstæðunnar. Einnig er Styrkás með skilgreinda stefnu, ferli og viðbragðsáætlun vegna hverskonar áreiti í stefnu og viðbragðsáætlun vegna EKKO. Þá leggur félagið áherslu á að samstarfsaðilar þess deili með því grundvallargildum og leitast við að tryggja að félagið eigi ekki í viðskiptum við aðila sem ekki virða mannréttindi.

Áhersla er á eftirfarandi þætti fyrir markmiðasetningu og aðgerðabindingu félagsins fyrir málaflokkinn á tímabilinu:

Áhersla	Tenging við ESRS staðla	Tenging við heimsmarkmið
2.1 Viðhalda skal jafnlaunavottun félaga innan samstæðu. Launamunur kynja fari ekki yfir víkmörk mælinga sem sett hafa verið.	S1 - Mannauður	Nr. 5. Jafnrétti kynja
2.2 Bæta skal kynjafjölbreytni starfsfólks með skilgreindri áætlun þar um.	S1 - Mannauður	Nr. 5 Jafnrétti kynja
2.3 Skilgreina skal markmið og aðgerðir til að fyrirbyggja vinnuslys í starfsemi samstæðunnar.	S2 - Starfsfólk í virðiskeðjunni	Á ekki við.

## Stjórnarhættir

Styrkás leggur áherslu á að starfsemi og viðskipti félagsins séu stunduð af heilindum þar sem byggt er á góðu viðskiptasiðferði og viðskiptaháttum þar sem fjármagn er nýtt með sem hagkvæmustum hætti. Stjórn félagsins hefur sett félaginu siðareglur sem öllu starfsfólki félagsins ber að fylgja í hvívetna. Þá stefnir félagið á að skilgreina siðareglur fyrir birgja og aðra samstarfsaðila. Félagið leggur sig fram gagnsæ og hreinskiptin samskipti og upplýsingagjöf til hagaðila fyrirtækisins. Áhættum í starfsemi samstæðunnar er stýrt samkvæmt ferli sem fram kemur í áhættustefnu.

Áhersla er á eftirfarandi þætti fyrir markmiðasetningu og aðgerðabindingu félagsins fyrir málaflokkinn á tímabilinu:

Áhersla	Tenging við ESRS staðla	Tenging við heimsmarkmið
3.1 Styrkás skal innleiða siðareglur birgja og reglubundið birgjamat á samstæðugrunni.	G1 - Viðskiptahættir	Nr. 13 – Aðgerðir í loftslagsmálum
3.2 Styrkás skal árlega fá óháðan aðila til að framkvæma greiningu og stöðumat á sjálfbærni þáttum út frá UFS stöðlum og innleiða umbætur eins og við á.	G1 - Viðskiptahættir	Nr. 07 – Sjálfbær Orka Nr. 13 – Aðgerðir í loftslagsmálum Nr. 14 – Líf í vatni Nr. 15 – Líf á land Nr. 09 - Jafnrétti kynja
3.3 Sjálfbærnisráðgjafi skal gefin út árlega fyrir samstæðu Styrkás.	G1 - Viðskiptahættir	Nr. 07 – Sjálfbær Orka Nr. 13 – Aðgerðir í loftslagsmálum Nr. 14 – Líf í vatni Nr. 15 – Líf á land Nr. 09 – Jafnrétti kynja Nr. 05 – Nýsköpun
3.4 Styrkás skal fá ytri aðila til að sannreyna upplýsingagjöf um sjálfbærni fyrir árið 2025.	G1 - Viðskiptahættir	Nr. 07 – Sjálfbær Orka Nr. 13 – Aðgerðir í loftslagsmálum Nr. 14 – Líf í vatni Nr. 15 – Líf á land Nr. 09 – Jafnrétti kynja Nr. 05 – Nýsköpun

Stefna þessi skal vera kynnt starfsfólki og hún gerð aðgengileg á innra vefsvæði félagsins og dótturfélaga þess. Hún skal endurskoðuð af stjórn árlega.

Þannig samþykkt af stjórn Styrkáss þann 02.07.2024

